

Védís Ragnheiðardóttir
Leifsgata 24, 101 Reykjavík
ver2@hi.is

5. febrúar 2019

Efni: Umsögn Félags doktorsnema og nýrannsakanda við Háskóla Íslands (Fedon) um áformaða lagasetningu um vandaða starfshætti í vísindum

Félag doktorsnema og nýrannsakanda við Háskóla Íslands (Fedon) styður áformaða löggjöf um vandaða starfshætti í vísindum. Við teljum að sjálfseftirlit bæði rannsakenda og stofnana sé grundvöllur góðra vísindalegra starfshátta en enn fremur teljum við afar mikilvægt að til staðar sé miðlæg eftirlitsnefnd. Slíka nefnd teljum við nauðsynlega til að tryggja hlutlægni mála sem koma upp innan vísindasamfélagsins, þá ekki síst til að tryggja að allir málsaðilar komi að borðinu á jafningjagrundvelli.

Við viljum sérstaklega vekja athygli á að doktorsnemar og nýrannsakendur (e. *Early Career Researchers*) eru oft í erfiðri stöðu gagnvart bæði samstarfsmönnum sínum, yfirmönnum og þeirri stofnun sem þeir stunda rannsóknir við. Einkum eru nýrannsakendur viðkvæmur hópur þar sem þeir hafa hvorki fastráðningu við þá stofnun sem þeir starfa við né njóta þeir þeirra réttinda sem nemendur hafa. Nýrannsakendur eru því í veikri stöðu komi upp siðferðisleg álitamál enda er hættu á því að sú stofnun sem þeir stunda rannsóknir við taki afstöðu með fastráðnum starfsmönnum sínum. Miðlæg nefnd væri þannig kærkominn vettvangur fyrir nýrannsakendur að leita til við slíkar aðstæður. Þó að doktorsnemar hafi fleiri möguleika innan skólans til að leita réttar síns eru þeir undir handleiðslu leiðbeinanda sem er starfsmaður skólans og því getur reynst sérstaklega erfitt að leita áhlits á hlutlausan hátt leiki grunur á um óvísindaleg eða ósiðferðisleg vinnubrögð leiðbeinanda, sérstaklega þegar slíkur grunur varðar hugverkastuld.

Fedon telur að miðlæg eftirlitsnefnd væri kjörinn vettvangur til að taka á málefnum þar sem valdaójafnvægi gerir hlutlæga efnislega meðferð innan skóla og stofnana erfiða eða ómögulega og fagnar því fyrirhugaðri stofnun slíkrar nefndar.

Virðingarfyllst,

f.h. Félags doktorsnema og nýrannsakanda við Háskóla Íslands (Fedon)

Védís Ragnheiðardóttir

Védís Ragnheiðardóttir, formaður Fedon